



Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 16. janúar 2026
2508452/501.03 ADK

**Bakkabraut 9-23. Svæði 8. Tillaga að breyttu deiliskipulagi.
Minnisblað um erindi sem bárust á kynningartíma.**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 18. ágúst 2025 var samþykkt með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu umhverfissviðs dags. 5. ágúst 2025 að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 9-23 við Bakkabraut, svæði 8 á þróunarsvæði á Kársnesi. Á fundi bæjarstjórnar þann 26. ágúst s.á. var afgreiðsla skipulags- og umhverfisráðs staðfest.

Tillagan var auglýst frá 9. október til 20. nóvember 2025. Á kynningartíma bárust þrjú erindi í Skipulagsgátt frá Veitum, Betri samgöngum og Vegagerðinni. Veitur og Betri samgöngur gera ekki athugasemdir við tillöguna. Vegagerðin bendir á mat á lágmarkslandhæð sem hefur verið gert fyrir svæðið. Meðfylgjandi errindi Vegagerðarinnar er tafla sem sýnir ákvörðun á lágmarks land- og gólfhæð miðað við 100 ára líftíma mannvirkja.

Í tillögu að breytingu deiliskipulags Bakkabrautar 9-23 felst breytt aðkoma að lóðinni og breytt fyrirkomulag bílastæða. Ekki eru gerðar breytingar á land- og gólfhæð á svæðinu miðað við gildandi deiliskipulag.

Lagt er til við skipulags- og umhverfisráð að tillagan dags. 5. ágúst 2025 verði samþykkt og vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi

